Tillögur að lagabeytingum Golfklúbbs Sandgerðis, aðalfundur 2026:

Eftirfarandi greinar eru eftir breytingar.

4. grein

Við golfleik skal fara eftir St. Andrew´s golfreglunum eins og þær standa á hverjum tíma. Sérreglur og skilmála setur stjórn eftir því sem henni þykir þurfa en þó í samræmi við golfreglur og reglugerðir GSÍ. Félögum er skylt að fara eftir þeim reglum og skilmálum sem stjórnin setur um leikinn, hegðun, umferð og umgengni um golfvöll, eignir klúbbsins og aðrar eignir sem klúbburinn hefur til umráða.

Brot á ofangreindum reglum og reglum íþróttahreyfingarinnar geta varðað réttindamissi innan klúbbsins og í alvarlegum eða ítrekuðum tilfellum brottrekstri úr klúbbnum. Stjórn klúbbsins tekur ákvarðanir um viðurlög og skal félagsmanni ávallt gefinn kostur á að tjá sig um mál áður en ákvörðun er tekin. Viðurlög taka gildi strax en félagsmaður getur borið ákvörðiunina undir aðalfund vilji hann ekki una henni. Sé aðalfundur ekki fyrirhugaður á næstu þremur mánuðum skal boða til aukaaðalfundar vegna málsins.

5. grein

Aðalfundur hefur æðsta úrskurðarvald í málefnum golfklúbbsins. Hann skal haldinn ár hvert fyrir 15. des. á þeim stað í Suðurnesjabæ sem stjórnin ákveður. Boða skal til aðalfundar með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara og skal boða til fundarins á vefsíðum félagsins. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá og tillögur um lagabreytingar sem stjórninni hafa borist fyrir tilskilinn tíma. Framkomnar aðrar tillögur skulu gerðar aðgengilegar félagsmönnum tímanlega fyrir aðalfund.

Stjórnin getur boðað til almenns félagsfundar ef henni þykir þurfa, en jafnframt skal boða til almenns félagsfundar ef minnst 20% félagsmanna fara skriflega fram á það við stjórn klúbbsins um tiltekið fundarefni. Berist klík krafa skal boða til fundar innan 10 daga á vefsíðum félagsins. Stjórn klúbbsins gerir tillögu um fundarstjóra á fundinum, en fundarmenn geta einnig gert tillögu um annan fundarstjóra og verður þa kosið um hann ef ágreiningur er.

6. grein

Störf aðalfundar eru:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar fyrir síðasta starfsár.
3. Reikningar lagðir fram og skýrðir.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Atkvæðagreiðsla um reikningana.
5. Lagabreytingar.
6. Lögð fram tillaga um gjaldskrá.
7. Kosning formanns.
8. Kosning tveggja stjórnarmanna og tveggja varamanna.
9. Kosning skoðunarmanna reikninga og einn til vara.
10. Önnur mál.

9. grein

Stjórn klúbbsins skipa 5 einstaklingar, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Þá skal kjósa tvo einstaklinga í varastjórn og tvo skoðunarmenn reikninga. Varamenn hafa málfrelsi og tillögurétt.

Kjósa skal formann sérstaklega til eins árs og tvo meðstjórnendur til tveggja ára í senn, þannig að aldrei gangi fleiri en tveir meðstjórnendur úr stjórninni. Varamenn í stjórn og skoðunarmenn reikninga skulu kosnir til eins árs í senn.

12. grein

Grjótgörðum, gömlum tóftum eða öðrum fornminjum má ekki raska nema með samþykki aðalfundar og Minjastofnunar Íslands.

13. grein

Komi fram tillaga um slit félagsins skal hún tekin fyrir á sérstökum fundi sem stjórnin boðar til með sama hætti og aðalfund. Fundurinn er ályktunarhæfur ef minnst helmingur félagsmanna sækir fundinn og tillagan fær gildi ef 2/3 fundarmanna samþykkja hana. Mæti ekki nægilega margir skal boða til fundar á ný og halda hann innan þriggja vikna. Sá fundur er ályktunarhæfur án tillits til fundarsóknar og fær tillagan gildi ef 2/3 fundarmanna samþykkja hana. Sama gildir ef sameina á félagið eða skipta því. Sé einhverjum eignum til að dreifa við slit klúbbsins skulu þær falla til Suðurnesjabæjar.